

Mánudaginn 23. marz 1970.

Nr. 213/1969. **Trausti Jónsson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Íslenzkum Aðalverktökum s/f

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur áfrýjandi skotið til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. október 1969.

Í Hæstarétti hefur komið fram, að annar samdómenda, Indriði Nielsson húsasmíðameistari, er í varastjórn Sameindaðra verktaka h/f, en eignarhluti þess í hinu stefnda sameignarfélagi er helmingur. Samdómandinn mátti því eigi skipa dómarasæti í máli þessu, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Verður því ómerkja málið frá og með þinghaldi 25. marz 1969 og svo héraðsdóminum og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð málsins frá og með þinghaldi 25. marz 1969 og svo héraðsdómurinn eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Trausti Jónsson, Brekkugötu 20, Hafnarfirði, með stefnu, útgefinni 14. marz 1967, á hendur Íslenzkum Aðalverktökum, Reykjavík, til greiðslu skaða.

bóta að fjárhæð kr. 500.000.00 með 9% ársvöxtum frá 9. maí 1966 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Í þinghaldi 25. marz 1969 breytti stefnandi kröfum sínum á þá leið, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 458.947.00 með 7% ársvöxtum frá 9. maí 1966 til greiðsludags svo og til að greiða málskostnað að skaðlausu, en til vara aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt vöxtum og málskostnaði sem að framan.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins, en til ýtrustu vara, að dómkröfur stefnanda verði stórvægilega lækkaðar og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að að morgni mánudagsins 9. maí 1966 var stefnandi, sem vann sem trésmiður á trésmiðaverkstæði stefnda á Keflavíkurflugvelli, að vinna við stóra hjólsög í verkstæðinu. Var hann að vinna við að rista niður trélista. Skyndilega, er hann var að rista einn listann, kľofnaði stór flís úr honum, og stakkt flísin niður í hægra handarbakið, þar sem hún stóð föst. Einn vinnufélagi stefnanda tók flísina úr handarbakinu. En síðar kom í ljós, að eitthvað af flísinni varð þar eftir. Þurfti stefnandi að gangast undir læknisáðgerð til að ná því, sem eftir hafði orðið. Telur stefnandi stefnda bera fébótaábyrgð gagnvart sér á afleiðingum slyssins.

Stefnandi sundurliðar nú kröfur sínar þannig:

1. Örorrkutjón	kr. 353.947.00
2. Þjáning og óþægindi	— 100.000.00
3. Útlagður kostnaður	— 5.000.00

Samtals kr. 458.947.00

Öryggiseftirlitinu var ekki tilkynnt um slys þetta, og engin sérstök rannsókn fór fram af þess hálfu af því tilefni. Hinn 2. september 1966 var tekin skýrsla af stefnanda af ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Þar skýrði stefnandi svo frá, að hann hefði verið að vinna við stóra hjólsög og rista niður trélista. Skyndilega hafi heyrzt hár smellur og um leið hafi stór flís kľofnað úr listanum, sem hann var að renna, og stakkt hún niður í hægra handarbakið á honum. Flísin hafi staðið föst í handarbakinu og hafi þurft aðstoð vinnufélaga hans til þess að ná henni. Síðan

hafi strax verið farið með hann til sjúkrahúss, og þar gerði læknir að meiðslunum. Hafi hann að því loknu farið heim. Meiðslin hafi gróið illa og hafi hann þá, síðan slysið varð, þurft að vera undir læknishendi. Kvaðst hann þá vera óvinnufær og allt útlit fyrir, að svo yrði lengi. Vélin, sem hann hafi verið að vinna við, er slysið skeði, væri ársgömul. Kvaðst hann hafa unnið við vélina af og til allan þann tíma. Hann kvað enga öryggishlíf hafa verið yfir vélinni, þá er slysið skeði, og hafi ekki verið í nokkurn tíma. Gat hann þess, að er verið sé að vinna efni, sem mikið fari fyrir, þá sé erfitt og helzt ekki hægt að hafa hlífina á vélinni og hafi það því tíðkæpt þann tíma, sem umrædd sög hafi verið í notkun, að hún var hlífðarlaus annað slagið. Hann kvað verkstjóran í verkstæðinu ekki hafa verið viðstaddan, er slysið skeði, en einir sex samstarfsmenn hans hefðu verið í verkstæðinu. Hann kvað það ekki hafa verið sérstaklega matsatriði verkstjórans, hvenær hlífir skyldi notuð, heldur hafi það farið að vilja hvers og eins, sem við sögina vann, og þá eftir því, hvernig smíðað var, sem vinna átti hverju sinni.

Jón Frimann Jónsson, verkstjóri í umræddu trésmíðaverkstæði stefnda, kvaðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu. Kvaðst hann strax hafa tilkynnt um slysið til Steingríms Jónassonar, sem sjái um öryggismál fyrir stefnda. Er slysið skeði, hafi engin hlíf verið yfir söginni, enda sé hún mjög óþjál og í sumum tilfellum helzt ekki hægt að nota hana, sérstaklega þegar um stórt efni er að ræða, sem vinna á. Hann taldi slys þetta mjög óvenjulegt, en það muni hafa orsakæpt vegna þess, að mergur hafi verið í viðnum, og við það hafi flísir losnað, sem síðan stakkt í hönd stefnanda. Hann taldi, að þótt hlífir hefði verið yfir söginni, þá hefði það ekki fyrirbyggt slys þetta.

Vitnið Vilhelm Hansson kvaðst í umrætt sinn hafa verið til aðstoðar stefnanda við sögunina á þann hátt, að vitnið tók á móti listum þeim, sem stefnandi hafði sagað. Stefnandi hafi verið að saga löng borð í granna lista. Er stefnandi eitt sinn setti borð í sögina, flaskaðist úr því stykki um 10—20 cm langt og um 7 mm á breidd í breiðari endann, og stakkt það í handarbak stefnanda.

Sjónarvottar voru ekki aðrir að slysinu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að orsök slyssins megi beinlínis rekja til þess, að hlíf, sem tilheyrði söginni, hafi verið fjarlægð, enda hefði slysið ekki orðið, ef hlífir hefði verið á sínum stað. Þó telur stefnandi hæpið, að mögulegt hefði verið að

saga trélistana, ef hlífin hefði verið á sínum stað, en með frekari öryggisbúnaði hefði mátt koma í veg fyrir slysið. Telur stefnandi, að hér hafi verið um að ræða skort á öryggisbúnaði og beri stefndi því ábyrgð á tjóni stefnanda eftir reglum um ábyrgð vinnuveitenda á tjóni starfsmanna sinna, enda hafi verkstjóra í verkstæðinu borið að sjá svo um, að fyllsta öryggis væri gætt.

Stefndi styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að umrædd hjólsög hafi verið nýleg. Öryggishlíf hafi tilheyrt búnaði vélarinnar og var tiltæk á verkstæðinu. Stefnandi sé lærður trésmiður og hafi mjög langa starfsreynslu að baki. Hann hafi unnið meira og minna við hjólsögina það árstímabil, sem hún hafði verið á verkstæðinu. Engum gat því verið betur kunnugt en einmitt honum, hvernig öruggast og hagkvæmast væri að haga verki við hjólsögina, hvað var að varast og hverjar öryggisráðstafanir bar að hafa í frammi. Mátti vinnuveitandi stefnanda treysta því, að hann rækti starf sitt við hjólsögina af fyllstu varúð og öryggi. Stefnanda og Jóni Frímanni verkstjóra beri saman um, að miklum annmörkum hafi verið háð að nota hlífðarbúnað vélarinnar, þegar sagað er í vélinni fyrirferðarmikið efni, eins og efni það var, sem stefnandi var að saga, er hann slasaðist. Hafi þá helzt ekki verið hægt að nota hlífðarbúnað vélarinnar. Stefnandi sem lærður og reyndur starfsmaður hlaut að meta það sjálfur, hvenær hlífðarbúnaðinum var eigi við komið. Miklar líkur séu til þess, að umrætt slys hefði orðið, þótt öryggishlíf vélarinnar hefði mátt koma við og hún hefði verið notuð. Af þessu sé fyllilega leitt í ljós, að ekkert skorti af hendi stefnda um öryggisbúnað á vinnustað, leiðbeiningar, verkstjórn eða annað það, sem orðið geti grundvöllur að fébótaábyrgð vinnuveitanda á tjóni starfsmanns við vinnu í hans þágu. Líklegast sé, að orsök slyssins hafi verið sú, að mergur hafi verið í viðnum, sem stefnandi var að saga, og fyrir þá sök hafi flísin losnað frá. Slíkt geti ávallt komið fyrir, hvort sem hlíf er notuð eða ekki, og sé ekki við neinn að sakast nema ef til vill hlutaðeigandi starfsmann sjálfan, sem kann að hafa mátt sjá af eiginleikum viðsins, að slík hætta gæti vofað yfir. Víst sé, að vinnuveitandi beri eigi gagnvart starfsmanni sínum ábyrgð á slíkri áhættu.

Varakrafa stefnda er byggð öðrum þræði á sömu rökum og í sýknukröfunni og að stefnandi verði sjálfur að bera sök á tjóni sínu, komi til fébótaábyrgðar stefnda. Einnig að kröfufjárhæð stefnanda sé allt of há.

Dómendur hafa skoðað umrædda vélsög og kannað starfsað-

stöðu við hana. Sögin er nokkuð stór, og er borð sagarinnar, sem er úr steypujárni, í tvennu lagi. Hægri hluti er fastur, en vinstri hluti gengur eftir sleða fram og aftur, og er það sérstakur útbúnaður til þess að saga niður ýmiss konar plötur og búta í lengdir ýmiss konar efni. Þennan helming er einnig hægt að festa. Milli borðshelminganna er sjálft hjólsagarblaðið, en á milli borðplatananna er ca. 12—13 mm bil. Á hægri helmingi sagarblaðsins er færanlegt „land“, sem sagað er við, þegar rist er í söginni. „Landið“ er ca. 6 cm hátt. Á hliðarkant hægra sagarborðsins eru festir armar, sem halda öryggishlíf, sem hangir yfir hjólsagarblaðinu, og er auðvelt að hækka og lækka hlífina. Öryggishlíf þessi er ca. 7 cm breið og er staðsett yfir miðju hjólsagarblaðinu. Ef ristir eru listar undir 3.5 cm breiðir, kemst hlífín ekki lengra niður en að „landinu“, sem sagað er eftir. Hlífín tekur aðallega við sagi og flisum, sem koma frá aftari röð hjólsagarblaðsins. Þar skera tennur blaðsins upp, en hjólsagarblaðið snýst á móti þeim, er við sögina vinnur. Aftan við blaðið er fastur járnfleinn (hnífur), sem gengur milli lista þeirra, sem sagaðir eru, og kemur í veg fyrir, að þeir klemmist utan um hjólsagarblaðið.

Upplýst er, að stefnandi var að skásaga glerfalslista úr efni ca. $\frac{3}{4}$ tommu sinnum $1\frac{1}{2}$ tomma, er slysið skeði. Við slíkar aðstæður er „landið“ svo nálægt hjólsagarblaðinu, að hlífín hefði ekki komist neðar að efninu en ofan á „landið“. Í hér um ræddu tilviki hefði hlífín, ef notuð hefði verið, verið um 6 cm ofan við borðhjól sagarinnar.

Í vottorði öryggismálastjóra, dags. 25. apríl 1967, sem fyrir liggur í málinu, segir, að Öryggiseftirlit ríkisins hafi kannað öryggisbúnað umræddrar vélar og orsakir slyssins, „enda þótt ávallt sé hæpið, að rannsókn á slysi, sem verður við vél, beri nokkurn árangur, ef rannsókn fer ekki fram, strax eftir að slysið verður“, eins og stendur í vottorðinu. Þá segir í vottorðinu, að skoðunarmennirnir hafi átt tal við stefnanda, sem hafi verið að starfi við sömu vél og þegar slysið varð, og hafi þá engin öryggishlíf verið yfir sagarhjól vélarinnar. Hafi stefnandi lýst fyrir skoðunarmönnum um verki því, sem hann hafi verið að vinna, þegar slysið skeði, þannig að aðstaða öll hafi legið ljós fyrir. Síðan segir í vottorði öryggismálastjórans: „Ég tel, að ekki hafi verið neinum vandkvæðum bundið að hafa öryggishlífina á vélinni við verk það, sem verið var að vinna, þegar slysið varð. Ekki vil ég staðhæfa, að hlífín hefði komið í veg fyrir slysið, en tel miklar líkur fyrir því“.

Samkvæmt reynslu hinna sérfróðu meðlómenda kemur það stundum fyrir, þá er verið er að saga í hjólsögum, að flísar skjótast úr viðnum, en það á rætur að rekja til mergjar eða kvista, sem í efninu eru, og ekki verður séð á efninu að utan.

Það er einróma álit hinna sérfróðu dómenda, að öryggishlífín hefði ekki komið í veg fyrir hér um rætt slys, þótt hún hefði verið notuð í margnefnt sinn.

Stefnandi er trésmiður og hefur þar af leiðandi allnokkra reynslu af hjólsögum. Hafði hann og um eins árs skeið unnið við vél þá, er hann var að vinna við, er slysið skeði. Honum var vel kunnugt um tilvist öryggishlífarinnar, enda hafði það verið að vilja hvers og eins, sem við hjólsögina vann, að nota hana hverju sinni, svo sem fram kemur í framburði stefnanda hér að framan.

Þegar þetta er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, þá verður eigi talið í ljós leitt, að margnefnt slys verði rakið til vanbúnaðar vélarinnar, handvammur starfsmanna stefnda eða annarrar áhættu, sem stefndi ber ábyrgð á samkvæmt reglum skaðabótaréttarins. Verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Indriða Níelssyni háasmiðameistara og Þorsteini Hjálmarssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzkir Aðalverktakar s/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Trausta Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
